

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (endursamin), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 76, 16.3.2007, bls. 35 ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt tilskipun 2006/42 fellur tilskipun 98/37/EB úr gildi, en sú gerð er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott frá og með 29. desember 2009 ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 5. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EC) í III. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32006 L 0042**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 76, 16.3.2007, bls. 35.“

2. gr.

XXIV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/9/EB):

„lc. **32006 L 0042**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (endursamin) (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 76, 16.3.2007, bls. 35.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 207, 23.7.1998, bls. 1.

2. Ákvæði 1. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/37/EB) falli brott frá og með 29. desember 2009.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/42/EB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 76, 16.3.2007, bls. 35, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.